# DEILISKIPULAGSUPPDRÆTTIR

## FYLGISKJAL 7 MEÐ UMSÓKN UM STARFSLEYFI

Útgáfa 2

20. DESEMBER 2017

# DEILISKIPULAGSUPPDRÆTTIR

Á **mynd 1** er núgildandi deiliskipulagsuppdráttur á Grundartanga, á **mynd 2** er núgildandi deiliskipulag hafnarsvæðis á Grundartanga, austursvæðis, og á **mynd 3** er núgildandi deiliskipulag hafnarsvæðis á Grundartanga, vestursvæðis.

Á **mynd 4** er deiliskipulag austurhluta iðnaðarsvæðisins á Grundartanga (frá 2015).

Í desember 2016 var Skipulagsstofnun sent sameiginlegt erindi Elkem og Norðuráls varðandi hugsanlega stækkun flæðigryfju fyrirtækjanna við Grundartangahöfn. Í mars 2017 féllst Skipulagsstofnun á að ekki þyrfti að meta umhverfisáhrif þessarar stækkunar flæðigryfjunnar (erindi 201612021). Í þessari fyrirhugaðri stækkun flæðigryfju var gert ráð fyrir að GMR fengi hluta gryfjunnar til afnota fyrir úrgang frá málmvinnslu sinni. Þegar útséð var með að GMR mundi nýta þennan hlut sinn var erindi sent á ný til Skipulagsstofnunar þar sem farið var fram á heimild Elkem og Norðuráls að nýta þann hluta flæðigryfjunnar sem áður var ætlaður GMR. Með ákvörðun Skipulagsstofnunar í júlí 2017 féllst Skipulagsstofnun á að um óverulega breytingu á fyrra erindi væri að ræða og ekki þyrfti að meta umhverfisáhrif hennar (erindi 201705065). Á **mynd 5** er fyrirhuguð flæðigryfja sýnd á uppdrætti ásamt fyrirhugaðri skiptingu hennar. Faxaflóahafnir hafa í samráði við Hvalfjarðarsveit hafið undirbúning að breytingu deiliskipulags hafnarsvæðisins til samræmis við þessa ákvörðun.




**Mynd 1** Deiliskipulag af iðnaðarsvæðinu á Grundartanga í Hvalfirði (frá 2004). Deiliskipulag lóðar Norðuráls var endurnýjað 2015.




**Mynd 2** Núgildandi deiliskipulag hafnarsvæðis á Grundartanga, austursvæðis (frá 2015).




**Mynd 3** Núgildandi deiliskipulag hafnarsvæðis á Grundartanga, vestursvæðis (frá 2012).




**Mynd 4** Deiliskipulag austurhluta iðnaðarsvæðisins á Grundartanga (frá 2015)




**Mynd 5** Fyrirhuguð flæðigryfja á hafnarsvæði Grundartangahafnar